

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 263/1996.

Magnús Guðmundsson

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna

(Atli Gíslason hrl.)

og gagnsök

Lífeyrissjóður. Samþykktir. Stéttarfélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1996. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur sínar fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, en þær eru, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða 3.011.467 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, frá 1. júlí 1991 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1996. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði. Til vara krefst hann þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar verulega. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, starfaði aðaláfrýjandi sem flugstjóri frá því í apríl 1944, þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir í ágúst 1979. Hann var einn stofnfélagi Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna, sem var séreignarsjóður, árið 1953 og greiddi iðgjöld í þann sjóð, þar til hann var lagður niður 1974. Inneignir sjóðfélaga höfðu þá rýrnað svo mjög, að þær námu einungis þriðjungu greiddra iðgjalda. Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflug-

manna, sem er sameignar- og samtryggingarsjóður, var settur á stofn 1974. Aðaláfrýjandi flutti réttindi sín úr lífeyrissjóðnum yfir í eftirlaunasjóðinn, og voru áunnin réttindi hans reiknuð út í samræmi við ákvæði reglugerðar fyrir sjóðinn, sem staðfest var af fjármálaráðuneytinu 24. júní 1974. Samkvæmt 20. gr. reglugerðarinnar voru réttindin reiknuð til stiga á tvo vegu. Annars vegar voru innstæður í lífeyrissjóðnum metnar til stiga í samræmi við kauplag á árinu 1974, og var gagnáfrýjandi ábyrgur fyrir réttindum samkvæmt þeim stigum. Hins vegar voru réttindi, sem talin voru töpuð, einnig reiknuð til stiga, sem nefnd voru skilorðsbundin stig. Þau voru í sérstökum sjóði, sem kallaður var verðtryggingarsjóður og haldið var aðskildum frá gagnáfrýjanda. Ekkert fé stóð að baki þessum skilyrtu stigum í upphafi. Öflun fjár til sjóðsins var háð ákvörðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), eins og tekið er fram í 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar: „Til greiðslu þess viðbótarlífeyris, er á vantar, að sjóðsfélaginn njóti réttinda í samræmi við b-lið, skal verja sérstökum framlögum, er FÍA kann að taka ákvörðun um, og öðrum tekjustofnum, sem ætlaðir yrðu í þessu skyni.“ Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. var stjórn sjóðsins heimilt að fenginni umsögn tryggingafræðings að nota fé verðtryggingarsjóðs til að greiða uppþætur, ef nauðsynlegt væri að draga almennt úr lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt staðfest eintak af reglugerð eftirlaunasjóðsins 1974, en fyrir héraðsdómi lágu einungis drög að reglugerðinni, þar sem 2. mgr. 20. gr. er orðuð nokkuð á annan veg en var í staðfestri gerð hennar og að framan er lýst, og er það orðalag rakið í hinum áfrýjaða dómi. Aðaláfrýjandi heldur því fram, að þessi breyting hafi aldrei verið samþykkt af félagsfundi, heldur hafi það verið drögin að reglugerðinni, sem lögð voru fyrir félagsfund og samþykkt. Þótt orðalagsmunur sé á drögunum að reglugerðinni og endanlegri gerð hennar 1974, verður ekki talið, að um efnismun sé að ræða, sem hér skipti máli, því að í báðum tilvikum var það lagt á Félag íslenskra atvinnuflugmanna að útvega tekjustofna til að standa undir greiðslu vegna hinna skilorðsbundnu stiga. Við reglugerðarbreytingu 1981 var 20. gr. samþykkt óbreytt frá því, sem hún var í endanlegri gerð 1974.

II.

Í héraðsdómi er því lýst, að lífeyrisréttindi aðaláfrýjanda á grundvelli skilorðsbundinna stiga voru skert um 60% frá 1. júní 1991 og um 90% með reglugerðarbreytingu, sem tók gildi 1. janúar 1993. Aðaláfrýjandi telur, að með þessu hafi verið brotið gegn jafnræðis- og jafnréttissjónarmiðum íslensks réttar, og hafi rétti sínum verið raskað umfram aðra sjóðfélaga. Heildarstigafjöldi aðaláfrýjanda 1. janúar 1991 var 25,861 stig, þar af voru skilorðsbundin stig 15.772 eða 61%, og óskilorðsbundin stig í aðalsjóði 10,089 eða 39%.

Aðaláfrýjandi telur sig hafa mátt treysta því, að eftirlaunasjóðurinn tryggði sér lífeyrisgreiðslur á grundvelli skilorðsbundinna stiga sinna í sjóðnum, eins og verið hafði, frá því að hann hóf töku lífeyris árið 1979. Því til stuðnings bendir hann á, að á árunum 1981 og 1982 hafi lífeyrisgreiðslur verið skertar um 10%, og hafi sú skerðing komið jafnt niður á greiðslum samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum.

Aðaláfrýjandi ákvað að flytja fé sitt úr lífeyrissjóðnum yfir í eftirlaunasjóðinn. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar gagnáfrýjanda var skýr greinarmunur gerður á útreikningi lífeyrisréttinda og þeim skipað með mismunandi hætti. Var sjóðurinn eingöngu ábyrgur fyrir réttindum samkvæmt óskilorðsbundnum stigum. Miðað við efni 20. gr. gat aðaláfrýjandi ekki bundið traust við þá framkvæmd lífeyrisgreiðslna, sem verið hafði, og aldrei var kveðið svo á um af hálfu gagnáfrýjanda, að skilorðsbundnu stigin gæfu sama rétt og hin óskilorðsbundnu.

Aðaláfrýjandi heldur því enn fremur fram, að gagnáfrýjandi hafi vanrækt að ávaxta fé verðtryggingarsjóðsins í verðtryggðum skuldaþréfum, svo sem fyrir er mælt í 20. gr. reglugerðarinnar, og sé það orsök slæmrar stöðu sjóðsins. Fyrir liggur, að útlán úr sjóðnum voru ekki verðtryggð fyrr en 1979, en verðtrygging var almennt ekki tekin upp fyrr en það ár. Þessi málsástæða kom ekki fram í stefnu, og er henni mótmælt sem of seint fram kominni og rangri, og kemur hún því ekki til álita.

III.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að ákvörðun um skerðingu á lífeyrisrétti sínum, sem til framkvæmda kom 1. júní 1991, hafi verið

tekin af röngum aðila, það er af stjórn FÍA í stað stjórnar gagnáfrýjanda, og hafi hún ekki verið tekin á málefnalegum grunni.

Með bréfi 24. maí 1991 beindi stjórn FÍA því til gagnáfrýjanda, að greiðslur samkvæmt skilorðsbundnum stigum yrðu skertar um 60% frá 1. júní. Áður en þetta var gert, hafði farið fram tryggingafræðileg athugun á verðtryggingarsjóðnum, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar. Nam framlag í sjóðinn aðeins 53,4% af greiðslum úr honum árið 1990, en til sjóðsins runnu 2% af launum allra flugmanna. Samkvæmt 20. gr. reglugerðarinnar var ákvörðun um framlög í verðtryggingarsjóð á hendi FÍA, en telja verður, að skerðing réttinda hafi verið undir ákvörðun gagnáfrýjanda komin. Líta verður svo á, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt erindi FÍA og skerðingin í raun verið ákvörðun hans. Þá ber og að líta til þess, að aðaláfrýjandi hreyfði ekki mótmælum gegn skerðingu þessari fyrr en árið 1995.

IV.

Aðaláfrýjandi hefur ekki vefengt, að formlega hafi verið staðið rétt að breytingu á reglugerðinni, sem gildi frá 1. janúar 1993. Hann telur aftur á móti, að breytingarnar séu bæði ómálefnalegar og ranglátar og hafi verið knúnar fram í skjóli meirihlutavalds innan félagsins.

Sú breyting var gerð á reglugerðinni, að verðtryggingarsjóður var sameinaður eftirlaunasjóðnum þannig, að 10% upphaflegra skilorðsbundinna stiga gengu inn í eftirlaunasjóðinn og veittu þar réttindi. Þá var jafnframt stofnaður Uppbótarsjóður FÍA til að sjá um og kosta þær ráðstafanir, sem leiddi af sameiningu sjóðanna. Skyldi tryggja eftirlaunaþegum lágmarkslífeyri, sem næmi 65% af heildarstigaeign í verðtryggingar- og eftirlaunasjóði. Fékk sjóðurinn framlag frá sjúkrasjóði FÍA, 34.060.000 krónur, til að standa straum af þessum greiðslum. Þá var jafnframt kveðið á um 12 mánaða aðlögun að þeirri skerðingu, sem eftirlaunaþegar yrðu fyrir vegna þessara ráðstafana.

Árið 1992 lá fyrir úttekt tryggingafræðings á stöðu verðtryggingarsjóðsins miðað við 31. desember 1991. Hrein eign hans til greiðslu lífeyris nam 39.600.000 krónum, en til þess að mæta væntanlegum lífeyrisgreiðslum vegna skilorðsbundinna stiga þurfti eign sjóðsins að nema 187.400.00 krónum. Samkvæmt útreikningum trygginga-

fræðingsins var nauðsynlegt, að heildarskerðing yrði 80% að óbreyttum 2% iðgjöldum til verðtryggingarsjóðs. Þessari úttekt hefur ekki verið hnekkt, og hefur ekki verið sýnt fram á, að skerðingin hafi verið ómálefnaleg og órökstudd, enda frá upphafi verið skýr greinarmunur gerður á greiðslum á grundvelli skilorðsbundinna og óskilorðsbundinna stiga. Þá hefur aðaláfrýjandi ekki sýnt fram á, að reglugerðarbreytingin hafi leitt til þess, að hann fengi minna í sinn hlut en verið hefði að óbreyttri reglugerð miðað við framangreinda stöðu verðtryggingarsjóðs og óbreytt framlag til hans. Verður þá ekki tekin afstaða til réttmætis þess að færa 2% iðgjalda, sem áður féllu í verðtryggingarsjóð, til séreignarsjóðs, svo sem gert hefur verið samkvæmt því, sem fram kom í málflutningi aðila fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjanda dóms.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Magnúsi Guðmundssyni, kt. 090816-7569, Hlíðargerði 15, Reykjavík, á hendur Ólafi W. Finnssyni, kt. 051051-3279, Laufvangi 18, Hafnarfirði, stjórnarformanni Eftirlaunasjóðs FÍA, kt. 650376-0809, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, f. h. sjóðsins, en sótt var þing af hálfu sjóðsins við þingfestingu málsins 7. desember 1995.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær, að hinum stefnda sjóði verði dæmt að greiða sér 3.011.467 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...].

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Enn fremur er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts í samræmi við málskostnaðar- reikning.

I.

Tildrög þessa máls kveður stefnandi þau, að hann hafi starfað sem flugstjóri, fyrst hjá Flugfélagi Íslands hf., síðan hjá Loftleiðum hf. og loks hjá Flugleiðum hf. frá því í apríl 1944 og þar til hann lét af störfum vegna aldurs 9. ágúst 1979. Árið 1953 hafi atvinnuflugmenn stofnað lífeyrissjóð, sem nefndist Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna, og hafi stefnandi verið einn af stofnfélögum. Að sögn stefnanda var þessi sjóður svokallaður séreignarsjóður, með því að inneign hvers sjóðfélaga var séreign hans, en tilgangur sjóðsins var að tryggja flugmönnum rétt til lífeyris, frá því að þeir létu af störfum sem flugmenn og þar til þeir yrðu 67 ára, eftir ákveðnum reglum og að tryggja börnum og mökum flugmanna lífeyri, félli flugmaður frá.

Stefnandi upplýsir, að árið 1974 hafi Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna verið lagður niður og nýr sjóður, Eftirlaunasjóður FÍA, stofnaður, en þessi nýi sjóður sé sameignarsjóður og hlutverk hans að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og mökum og börnum sjóðfélaga maka- og barnalífeyri, svo sem reglugerð sjóðsins kveði á um. Stefnandi kveður félagsmenn Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna hafa flutt sjóðinnstæður sínar yfir í hinn nýja sjóð, og hafi þeim verið reiknuð stig þar með tvennum hætti, annars vegar hafi innstæðurnar verið metnar til stiga í samræmi við kauplag árið 1974, og ábyrgðist sjóðurinn þau réttindi, sem þannig fengust, og hins vegar hafi þeim verið reiknuð stig fyrir réttindatíma í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna í samræmi við þau störf, sem sjóðfélagi hafði gegnt, og kjarasamning FÍA á þeim tíma, en fjöldi þessara síðarnefndu stiga hafi verið úrskurðaður af stjórn eftirlaunasjóðsins og hafi verið ætlað að afla fjár til greiðslu lífeyris samkvæmt þeim með sérstöku iðgjaldi, sem um kynni að semjast milli FÍA og flugfélaganna. Enn fremur hafi verið ætlað að verja tekjuafgangi, er kynni að myndast af iðgjaldagreiðslum flugfélaganna, til hóþrygginga.

Stefnandi segir, að framlög til lífeyrissjóðsins, sem aflað var til greiðslu umrædds viðbótarlífeyris, hafi verið lögð í sérstakan sjóð, er nefndur var Verðtryggingarsjóður, en stigin í því falli skilorðsbundin stig. Kveður stefnandi, að í framkvæmd hafi Verðtryggingarsjóður staðið undir greiðslu umrædds viðbótarlífeyris þannig, að skilorðsbundin stig hafi gefið sömu réttindi og óskilorðsbundin stig, allt til þess að stjórn FÍA hafi ákveðið í maí 1991, að greiðslur skv. þeim skyldu skertar frá og með 1. júní það ár. Stefnandi segir, að því hafi verið borið við, að árleg framlög til sjóðsins dygðu ekki fyrir greiðslum samkvæmt skilorðsbundnu stigunum og að stjórnin treysti sér ekki til að beita sér fyrir auknum framlögum, og hafi greiðslur verið skertar um 60%.

Stefnandi kveður nýja reglugerð hafa verið setta fyrir eftirlaunasjóðinn,

sem tekið hafi gildi 1. janúar 1993. Þar hafi verið ákveðið, að einungis 10% hinna skilorðsbundnu stiga skyldu talin eigendum þeirra til eignar í Eftirlaunasjóði FÍA og að Verðtryggingarsjóður rynni til eftirlaunasjóðsins í árslok 1992. Aðdraganda kveður stefnandi verið hafa meirihlutasamþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu um reglugerðina.

Á þessum tíma kveðst stefnandi hafa átt 25,861 stig í sjóðnum, en þar af 15,772 skilorðsbundin.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þá er Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna var stofnaður 1974, hafi svo verið komið fyrir Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna, að hann hafi einungis staðið undir 1/3 hluta skuldbindinga sinna, með öðrum orðum, að inneign hvers sjóðfélaga hafi numið 1/3 hluta af greiddum iðgjöldum. Ástæðuna til þessa kveður stefndi hafa verið óverðtryggð lán til sjóðfélaga á verðbólgutímum.

Við stofnun Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna kveður stefndi fjármuni Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna hafa gengið til eftirlaunasjóðsins og ný sjóðurinn tekið á sig skuldbindingar í því sambandi, eins og um venjubundnar iðgjaldagreiðslur væri að ræða, svo sem reglur sjóðsins um útreikning stiga til réttinda mæltu fyrir um. Töpuð séreignarlífeyrisréttindi segir hann einnig hafa verið reiknuð til stiga, kölluð skilorðsbundin stig, og haldið til haga í sérstökum sjóði, sem var nefndur Verðtryggingarsjóður og hefði verið sjálfstæð deild í Eftirlaunasjóði FÍA. Til greiðslu lífeyris og annarra réttinda samkvæmt þessum skilorðsbundnu stigum hafi átt að verja sérstökum framlögum, sem um kynni að semjast milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), stéttarfélags flugmanna og flugfélaganna. Þá hafi verið ákveðið að ráðstafa tekjuafgangi til Verðtryggingarsjóðs, sem kynni að myndast af iðgjaldagreiðslum flugfélaganna, til hóprýgginga flugmanna.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stjórn FÍA hafi samið við viðsemjendur sína um greiðslu 2% iðgjalds af föstum launum flugmanna til Verðtryggingarsjóðs, en þannig hafi í raun verið tekið af öllum starfandi flugmönnum í nútíð og framtíð til að bæta flugmönnum, sem höfðu greitt til eldra sjóðsins á árunum 1953 til 1973, upp töpuð séreignarréttindi. Stefnandi hafi eins og aðrir flugmenn samþykkt árið 1973 útreikning skilorðsbundinna stiga sinna og jafnframt, að það væri undir stjórn stéttarfélags þeirra komið, hvort unnt væri að afla fjár til þess að greiða lífeyri samkvæmt þeim, en engir fjármunir hafi þá staðið að baki þessum stigum.

Þegar fram í sótti, kveður stefndi 2% iðgjöld af launum engan veginn hafa dugað til að standa undir skuldbindingum samkvæmt skilorðsbundnu stigunum. Tryggingafræðilegt uppgjör í árslok 1988 hafi sýnt slæma stöðu,

og svo hafi verið komið árið 1990, að framlagið stóð aðeins undir 53,4% af greiðslum, og fyrirsjáanlegt, að sjóðurinn myndi tæmast, þar sem æ fleiri flugmenn með skilorðsbundin stig náðu lífeyrisaldri. Þá hafi verið mikil óánægja meðal flugmanna, sem hófu störf eftir árið 1973, með það, að þeir nytu í engu réttinda samkvæmt nefndu 2% iðgjaldi. Þessa þróun mála kveður stefndi hafa leitt til þess, að greiðslur vegna skilorðsbundinna stiga varð að skerða um 60% frá 1. júní 1991. Skerðingin hafi ekki sætt andmælum stefnanda né annarra handhafa skilorðsbundinna stiga, og ákvörðun um hana hafi verið tekin á þann hátt, sem reglugerð stefnda mælti fyrir um. Þetta hafi þó ekki leyst fjárhagsvanda Verðtryggingarsjóðs, og hafi því á sameiginlegum félagsfundi FÍA og stefnda 5. desember 1991 verið ákveðið að skipa nefnd til að kanna lífeyrismál flugmanna og gera tillögu að nýrri reglugerð. Tillögur nefndarinnar hafi legið fyrir haustið 1992. Þessar tillögur hafi verið rækilega kynntar og ræddar á mörgum fundum og síðan samþykktar í skriflegri allsherjaratkvæðagreiðslu með 91% greiddra atkvæða.

Stefndi kveður fjölmargar breytingar hafa verið gerðar í árslok 1992 á reglugerð Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna; m. a. hafi Verðtryggingarsjóður verið lagður niður og ákveðið, að 10% af upphaflegum skilorðsbundnum stigum skyldu veita réttindi í sjóðnum. Um leið hafi verið ákveðið að tryggja eldri sjóðfélögum, þar á meðal stefnanda, 65% lágmarkslífeyri auk tólf mánaða aðlögunartíma að skerðingu. Hafi tugum milljóna af sameiginlegum fjármunum félagsmanna FÍA í sjúkrasjóði félagsins verið varið til að stofna sérstakan sjóð, Uppbótarsjóð FÍA, til að bæta skerðingu vegna skilorðsbundinna stiga og tryggja 65% lágmarkslífeyri. Það hafi verið mat höfunda tillagna um breytingar á reglugerð Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna og yfirgnæfandi meiri hluta sjóðfélaga, að náðst hefði málamiðlun milli ólíkra hagsmuna sjóðfélaga, þar sem allir sjóðfélagar hefðu tekið á sig nokkra skerðingu. Þá hafi verið ljóst, að ekki var meiri hluti innan Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) fyrir því að semja um framhald 2% iðgjalds í kjarasamningi til Verðtryggingarsjóðs, hvað þá að hækka framlagið til að bæta mönnum upp töpuð skilorðsbundin réttindi. Samningaviðræður aðila hafi reynt árangurslausar, þar sem kröfur stefnanda hafi í raun í för með sér, að breyta yrði reglugerð stefnda, en mikill meiri hluti sjóðfélaga sé því mótfallinn.

II.

Stefnandi sættir sig hvorki við 60% skerðinguna á greiðslum skv. skilorðsbundnu stigunum, sem kom til framkvæmda frá 1. júní 1991, né hina endanlegu skerðingu, sem kom til framkvæmda eftir gildistöku nýrrar

reglugerðar 1. janúar 1993. Með umræddum skerðingum telur hann rétti sínum hafa verið raskað langt umfram þá sjóðfélaga, sem aðeins áttu óskilorðsbundin stig að hluta. Með þessu telur hann, að brotið hafi verið gegn þeim jafnræðis- og jafnréttissjónarmiðum, sem íslenskur réttur byggist á og komi m. a. fram í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 62/1994, sem lögfestu Mannréttindasáttmála Evrópu hér á landi, aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi frá 19. desember 1966 og reglum félagaréttar um minnihlutavernd í félögum og sjóðum með skylduaðild.

Stefnandi kveðst miða við, að með staðfestingu fjármálaráðuneytisins á reglugerð Eftirlaunasjóðs FÍA, sem tók gildi 1. janúar 1993, hafi ráðuneytið brugðist eftirlitshlutverki sínu skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, þ. e. að gaumgæfa, hvort ákvæði reglugerðarinnar væru í samræmi við lög og rétt.

Stefnandi heldur því fram, að við stofnun Eftirlaunasjóðs FÍA hafi beinlínis verið gert ráð fyrir, að svonefnd skilorðsbundin stig veittu sama lífeyrisrétt og óskilorðsbundin stig, enda tækist með nánar tilgreindum hætti að afla fjár, til þess að svo mætti verða. Hafi þetta í raun tekist, og í framkvæmd hafi lífeyrisréttur samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum verið hinn sami frá stofnun sjóðsins til 1. júní 1991, um 16 ára skeið. Tryggingafræðileg úttekt í árslok 1979 hafi sýnt slæma stöðu sjóðsins. Hafi þá verið gripið til þess ráðs að skerða lífeyrisgreiðslur um 10%, sem kom til framkvæmda í fjórum áföngum á árunum 1981 og 1982. Sú skerðing hafi komið jafnt niður á greiðslum samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum, svo að sjóðfélögum hafi á engan hátt verið mismun- að.

Stefnandi kveður þessar ráðstafanir hafa vakið þá tiltrú hjá sér og fleiri lífeyrisþegum, að lífeyrisréttur samkvæmt skilorðsbundnum og óskilorðsbundnum stigum væri og yrði hinn sami, á meðan þeir lifðu, sem rétt áttu á greiðslum samkvæmt skilorðsbundnum stigum. Hafi þetta verið eðlileg ályktun, þar sem þeir, sem mest áttu af skilorðsbundnum stigum, hafi einmitt verið sömu menn og unnu að því á sínum tíma að koma lífeyrismálum flugmanna í viðunandi horf. Það hafi því komið sér í opna skjöldu, er yngri menn, sem þá voru komnir í meiri hluta í sjóðnum, og Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) tóku að beita sér fyrir því, að réttur eldri manna yrði skertur langt umfram aðra sjóðfélaga, þannig, að lífeyrisréttur samkvæmt skilorðsbundnu stigunum yrði nánast þurrkaður út. Möguleikar hlutaðeigandi lífeyrisþega til að beita sér gegn skerðingunni hafi einnig verið mjög takmarkaðir, þar sem stjórn sjóðsins sé samkvæmt reglugerð hans skipuð fimm mönnum, þremur tilnefndum af FÍA, sem lífeyrisþegar eiga

ekki aðild að, og tveimur tilnefndum af vinnuveitendum, en í stjórninni og stjórn FÍA fari fram hin eiginlega stefnumörkun á málefnum sjóðsins. Í öðru lagi bendir stefnandi á, að hafi skerðing lífeyrisréttar verið nauðsynleg, sem ekki sé í sjálfu sér vefengt, að tryggingafræðileg úttekt hafi sýnt, megi ljóst vera, að hefði hún verið framkvæmd með sama hætti og skerðingin 1981 og 1982, hefði hún ekki komið harkalega niður á neinum sjóðfélaga. Í þriðja lagi bendir stefnandi á, að jafnvel þótt heimilt hefði verið að láta skerðinguna bitna einvörðungu á lífeyrisrétti samkvæmt skilorðsbundnu stigunum svo sem gert var, hafi ekki verið sýnt fram á nauðsyn þess, að hún yrði jafnmikil og raun varð á. Í því sambandi er vísað til þess, að tryggingafræðingur sá, sem frá upphafi hafði annast tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum, taldi í drögum að reglugerð, dags. 10. 11. 1991, að 60% skerðingin, sem þá var komin til framkvæmda, nægði til að rétta af fjárhag sjóðsins, þegar til lengri tíma væri litið. Hins vegar hafi það verið nefnd, sem skipuð var af stjórn FÍA að sögn stefnanda, sem lagði til frekari skerðingu án samráðs við tryggingafræðing, og hafi sú tillaga verið samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslunni.

Af öllu þessu telur stefndi ljóst, að um svo grófa mismunun hafi verið að ræða, er réttur hans o. fl. var skertur með reglugerðarbreytingu til hagsbóta fyrir þá, sem aðeins áttu óskilorðsbundin stig, að fjármálaráðuneytinu hafi borið að synja um staðfestingu reglugerðar þeirrar, sem tók gildi 1. janúar 1993, og að svo vöxnu máli sé reglugerðin óbindandi fyrir sig og að sjóðnum beri að bæta sér þann skaða, sem hann hafi hlotið af þessu.

Stefnandi telur enn fremur, að skerðing sú á lífeyrisrétti sínum, sem gerð var með ákvörðun stjórnar FÍA og kom til framkvæmda 1. júní 1991, hafi hvorki átt stoð í þágildandi reglugerð sjóðsins né verið tekin á málefnalegum grunni; hún hafi verið tekin af röngum aðila, þ. e. stjórn FÍA, en ekki stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA, og falið í sér grófa mismunun milli sjóðfélaga innbyrðis. Ómerkja beri þessa ákvörðun og dæma sjóðinn til að bæta sér það tjón, sem hún hefur valdið.

Stefnandi kveðst sækja lagastof í ákvæði 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrár, 11. gr. og 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, 1. mgr. 1. gr. og 5. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, og í 1. gr. og 14. gr. sáttmálans. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti kveðst hann reisa á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, kröfu um málskostnað á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málflytninguþóknun á 3. gr. og 11. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

III.

Stefndi telur, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að skilyrðum almennu skaðabótareglunnar eða annarra réttarheimilda um greiðslu skaðabóta eða annars konar greiðslna til stefnanda sé fullnægt. Stefnandi hafi ekki ve-fengt, að formlega hafi verið staðið rétt að samþykkt um skerðingu lífeyris, sem kom til framkvæmda 1. júní 1991, og breytingu á reglugerð, sem tók gildi 1. janúar 1993. Þetta sé einnig staðfest í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. september 1995, í máli milli sömu aðila. Staðfesting fjármálaráðuneytisins á núgildandi reglugerð í samræmi við ákvæði laga nr. 55/1980 standi sem lögfull sönnun um réttmæti gerða stefnda, meðan henni hafi ekki verið hnekk't í dómsmáli á hendur ráðuneytinu eða öðrum, sem hlut eiga að máli.

Þá vísar stefndi til þess, að hvorki lögskipaðir skoðunarmenn sjóðs stefnda né bankaeftirlit Seðlabanka Íslands, sbr. ákvæði laga nr. 27/1991, hafi gert athugasemdir við reglugerð stefnda eða starfrækslu sjóðs hans. Stefn'di mótmælir því sem röngu og ósönnuðu, að um ómálefnalega skerðingu hafi verið að ræða og brotin hafi verið jafnræðissjónarmið. Allir sjóðfélagar stefnda hafi tekið á sig skerðingu, en auk þess hafi starfandi flugmenn staðið undir greiðslu til stefnda með framlögum af launum sínum án hagsbóta fyrir þá, og hafi þetta 2% framlag verið ómálefnalegt og brotið gegn jafnræðissjónarmiðum gagnvart starfandi flugmönnum, en ekki stefnda.

Öllum tilvísunum stefnanda til mannréttindaákvæða og stjórn-sýsluréttar mótmælir stefndi sem órökstuddum og óskyldum efnisatriðum og úrlausn málsins. Stefnandi hafi setið við sama borð og aðrir handhafar skilorðsbundinna stiga. Réttindanotkun samkvæmt þessum stigum hafi verið háð því skilyrði, að stéttarfélag flugmanna tryggði sérstök framlög. Stefn'di fullyrðir, að stefnanda hafa alla tíð verið tryggðar lífeyrisgreiðslur umfram það, sem óskilorðsbundin stig hans veittu honum. Þennan viðbótarlífeyri hefur stéttarfélagið nú tryggt endanlega með því að leggja til tugi milljóna úr sjúkrasjóði til að tryggja lágmarkslífeyri.

Stefndi telur, að í þessu máli sé um að ræða hagsmunaágreining milli sjóðfélaga stefnda, sem leyst hafi verið úr á lýðræðislegan hátt í allsherjaratkvæðagreiðslu með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Ályktun um lausn vandans hafi verið samþykkt með 91% greiddra atkvæða. Stefn'di heldur því fram, að það sé ekki á valdi dómstóla að breyta lögmætum ákvörðunum stefnda, en ágreiningur sé ekki um túlkun á reglugerð, er gildi tók 1. janúar 1993. Lífeyrir hafi verið skertur árið 1991 í samræmi við ákvæði 6. gr., sbr. 20. gr. þágildandi reglugerðar, allt að fengnum tillögum tryggingafræðings. Sérstaklega kveðst stefndi benda á, að réttur til lífeyris samkvæmt skil-

orðsbundnum stigum stefnanda hafi ekki falið í sér eign í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995.

Kröfu um sýknu kveðst stefndi einnig styðja við þau sjónarmið, að sömu reglur hafi ekki gilt um lífeyrisréttindi samkvæmt skilorðsbundnum stigum annars vegar og um lífeyrisréttindi byggð á raunverulegum peningalegum lífeyrisiðgjöldum hins vegar. Stjórn stefnda hafi ekki borið ábyrgð á réttindum samkvæmt skilorðsbundnu stigunum, sem mynduðu sérstaka deild í sjóðnum, en fjármunum til greiðslu lífeyris vegna þeirra hafi verið haldið aðskildum frá öðru fé sjóðsins. Stefnda hafi því bæði verið rétt og skylt að taka sértækar ákvarðanir um skerðingu lífeyris samkvæmt skilorðsbundnum stigum óháð öðrum lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Það hafi verið gert, og mótmælir stefndi því sem röngu og ósönnuðu, að stefnanda hafi verið mismunað við þá ákvörðun. Þá er því jafnframt haldið fram af hálfu stefnda, að stefnda hafi verið með öllu óheimilt að greiða lífeyri samkvæmt skilorðsbundnum stigum með öðru fé en því, sem sérstaklega var eyrnamerkt til þess í Verðtryggingarsjóði. Ítrekar stefndi, að ef ekki hefði komið til breytinga á reglugerð, hefðu lífeyrisgreiðslur samkvæmt skilorðsbundnum stigum fallið niður að mestu, þar sem 2% framlag af launum starfandi flugmanna hefði engan veginn hrokkið til að standa undir þeim greiðslum. Með breytingu á reglugerð hafi stefnanda og öðrum í hans stöðu verið tryggður betri réttur, þ. e. 65% lágmarkslífeyrir. Með því að breyta núgildandi reglugerð til fyrra horfs telur stefndi ljóst, að stefnandi og fleiri eldri sjóðfélagar muni aðeins ná um einum þriðja hluta af hámarkslífeyri og verða verr settir en áður.

Til frekari rökstuðnings bendi stefndi á, að greiðsla viðbótarlífeyris hafi algjörlega verið háð ákvörðunum stéttarfélags flugmanna, enda sé sérstaklega tekið fram í 20. gr. þágildandi reglugerða, að greiðslur vegna skilorðsbundinna stiga skuli inna af hendi, meðan fé endist, sem stéttarfélagið taki ákvarðanir um að afla með tilgreindum hætti. Í þágildandi reglugerðum hafi stjórn stefnda enn fremur verið heimilað að ráðstafa fé Verðtryggingarsjóðs til að greiða uppbætur á almennan lífeyri samkvæmt 9. grein reglugerðanna vegna skerðingar samkvæmt 6. gr. Stjórn eftirlaunasjóðsins hafi hins vegar enga heimild haft til að ráðstafa greiddum almennum iðgjöldum til að greiða viðbótarlífeyri vegna skilorðsbundinna stiga eða til að greiða uppbætur vegna skerðingar á þessum viðbótarlífeyri. Fullyrðing stefnanda, að gert hafi verið ráð fyrir, að skilorðsbundin stig veittu sama lífeyrisrétt og óskilorðsbundin stig, eigi því ekki við rök að styðjast.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi sé bundinn af lögætum samþykktum sjóðfélaga um eftirlaunasjóðinn. Stefndi hafi ekki mótmælt

skerðingu, sem gerð var árið 1991, fyrr en löngu eftir að hún var gerð, og hafi ekki mótmælt skerðingunni á vettvangi félagsfunda stefnda eða FÍA, svo sem með tillöguflutningi á aðalfundum. Enn fremur hafi engar athugasemdir komið frá stefnanda við undirbúning, kynningu og samþykkt breytinga á reglugerð stefnda árið 1992, þrátt fyrir það að honum hafi verið gefinn kostur á því. Kveðst stefndi jafnframt vísa til þess, að tómlæti stefnanda sé slíkt, að hann hafi glatað hugsanlegum rétti. Þá sé ljóst, að ekki sé unnt að verða við kröfum stefnanda að óbreyttum reglum sjóðsins. Breyting verði hins vegar ekki gerð nema með samþykki félagsfundar í allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt 23. gr. gildandi reglugerðar sjóðsins, en stefnandi hafi engar formlegar kröfur gert í málinu um, að reglugerð stefnda verði breytt. Einnig þurfi í þessu sambandi samþykki félagsfundar FÍA og stærstu flugfélaga, til að umdeilt ákvæði reglugerðarinnar yrði fært til fyrra horfs.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á aðildarskorti. Kröfugerð stefnanda lúti að því, að honum verði bætt tjón, sem hann telur sig hafa orðið fyrir, en ætlað tjón stefnanda sé sprottið af slægri fjárvörslu Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna og síðar af ákvörðunum, sem stjórn FÍA tók, en ekki stefndi, eins og viðurkennt sé í stefnu. Það hafi verið á valdi stéttarfélagsins samkvæmt 20. gr. þágildandi reglugerða stefnda að semja um eða taka ákvörðun um, hvort og hvernig viðbótarlífeyrir samkvæmt skilorðsbundnu stigunum yrði fjármagnaður, en stéttarfélagið hafi hins vegar ekki treyst sér til að standa fyrir frekari framlögum vegna skilorðsbundinna stiga en fólust í nefndum reglugerðarbreytingum og tryggingu 65% lágmarkslífeyris o. fl. Stefndi kveðst ekki eiga aðild að máli, sem eigi einungis rót sína að rekja til hugsanlega bótaskyldrar háttsemi Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna og stéttarfélags flugmanna. Aðildarskort rökstyður stefndi einnig með því, að samkvæmt stefnu sé því haldið fram, að fjármálaráðuneytið hafi brugðist eftirlitshlutverki sínu með því að staðfesta breytingar á reglugerð stefnda; hafi ráðuneytinu borið að synja um staðfestingu reglugerðarinnar, og því sé hún óskuldbindandi fyrir stefnanda. Skaðabótaábyrgð vegna ætlaðra mistaka fjármálaráðuneytisins verður hins vegar að mati stefnda ekki lögð á þann, sem reisir starfsemi sína á lögformlega rétt settri og staðfestri reglugerð, eins og stefndi geri.

Auk áðurnefndra lagatilvísana vísar stefndi um lagastoð til laga nr. 53/1989, álits umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 432/1991, III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, 18. gr., 24. gr., 26. gr. og 80. gr. laga nr. 91/1991 um formhlið málsins og til 129. gr. og 130. gr. sömu laga um málskostnað og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988, einkum 3. gr., 11. gr. og 14. gr.

Niðurstaða.

Eins og hér hefur verið rakið, er ekki tölulegur ágreiningur í máli þessu, heldur snýst málið um það, hvort það sé sagnæm mismunun á sjóðfélögum og brot á jafnræðis- og jafnréttisreglum eða ekki, að svonefnd skilorðsbundin stig gefa ekki lengur jafnan rétt og óskilorðsbundin stig til lífeyrisgreiðslna úr Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Í fyrstu reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð FÍA segir í 2. mgr. 8. gr., að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita viðtöku fé, sem sjóðfélagi óskar að yfirfæra úr öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins. Og í síðustu mgr. 9. gr. reglugerðarinnar segir, að fé, sem yfirfært er úr öðrum lífeyrissjóði samkvæmt 2. mgr. 8. gr., skuli umreiknað í stig með sama hætti og iðgjöld á því ári, er yfirfærsla er gerð, þannig, að deilt sé í fimmföld iðgjöld vegna hvers sjóðfélaga með grundvallarlaunum samkvæmt því, sem 2. mgr. 9. gr. kveður á um.

Í 20. gr. framangreindrar reglugerðar, sem fjallar um flutning réttinda úr Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna, segir orðrétt:

„Áunnin réttindi þeirra starfandi flugmanna, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga innstæðu í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna og flytja hana til þessa sjóðs fyrir árslok 1974, skulu reiknuð á tvo vegu sem hér segir:

a. Í samræmi við ákvæði síðustu málgr. 9. gr.

b. Með útreikningi stiga fyrir réttindatíma í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna í samræmi við þau störf, er hlutaðeigandi sjóðfélagi hefur gegnt á því tímabili, og kjarasamningi FÍA á þeim tíma, er reglugerð þessi öðlast gildi. Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA úrskurðar um stigafjölda samkvæmt þessum staflið.

Sjóðurinn er ábyrgur fyrir réttindum samkvæmt a-lið 1. málgr. í samræmi við almenn ákvæði reglugerðar þessarar. Fjár til greiðslu þess viðbótarlífeyris, er á vantar, að sjóðfélaginn njóti réttinda í samræmi við b-lið, skal aflað með sérstöku iðgjaldi, sem um kann að semjast milli FÍA og flugfélaganna, og enn fremur skal varið í þessu skyni tekjuafgangi, er myndast kann af iðgjaldagreiðslum flugfélaganna til hóptrygginga samkvæmt 19. gr.

Fé því, sem nefnt er í 2. málgr., skal haldið aðskildu frá öðru fé sjóðsins. Það skal ávaxtað í verðtrygðum skuldabréfum eða með þeim hætti öðrum, er tryggir sem besta ávöxtun þess. Því skal varið á þann veg, sem 2. málgr. segir, meðan það endist. Reynist nauðsynlegt að draga almennt úr lífeyrisréttindum sjóðfélaga, sbr. 2. málgr. 6. gr., er stjórn sjóðsins enn fremur heimilt að fenginni umsögn tryggingafræðings og með samþykki FÍA og

þeirra flugfélaga, er að sjóðnum standa, að nota fé þetta til að greiða upp-
bætur, er vegi á móti hinni almennu lækkun bótagreiðslna.

...“

Óumdeilt er, að engin bein fjárframlög til eftirlaunasjóðsins liggja að
baki skilorðsbundnum stigum frá handhöfum þeirra. Fjár til greiðslu þess
lífeyris, sem skilorðsbundin stig veittu, var stéttarfélagi atvinnuflugmanna
falið að afla „með sérstöku iðgjaldi, sem kann að semjast milli FÍA og flug-
félaganna“, útlátalaust af hálfu handhafa skilorðsbundinna stiga sérstak-
lega. Þessu fé var samkvæmt reglum sjóðsins haldið aðskildu frá öðru fé
sjóðsins og kallað Verðtryggingarsjóður, og skyldi því varið, „meðan það
endist“, til greiðslu lífeyris, sem skilorðsbundin stig gáfu.

Samkvæmt framangreindu gat stefnandi ekki vænst þess, að eftirlauna-
sjóðurinn tryggði honum lífeyrisgreiðslur á grundvelli skilorðsbundinna
stiga hans í sjóðnum, enda ekki á valdi eftirlaunasjóðsins að afla fjár til
þess. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að lífeyrir hans úr sjóðnum hafi
verið skertur með saknæmum hætti af stjórn sjóðsins, miklu fremur er ekki
annað upplýst en stjórnin hafi að þessu staðið samkvæmt þeim reglum, sem
henni voru settar í reglugerð sjóðsins.

Þá eru engin efni til þess, að sjóðurinn bæti stefnanda ætlaðan skaða af
breyttum reglum sjóðsins, enda þótt í þeim felist, að lífeyrisréttur sam-
kvæmt skilorðsbundnum stigum falli að miklu leyti niður, en réttur sam-
kvæmt óskilorðsbundnum stigum sé óskertur. Þessi munur getur ekki talist
brot á jafnræðisreglum, þar sem réttindi samkvæmt skilorðsbundnum stig-
um eru í raun forréttindi, eins og lýst hefur verið, byggð á viðleitni sjóðfé-
laga við stofnun Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna að bæta
sjóðfélögum Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna skaða. Samþykkt aðalfundar
eftirlaunasjóðsins um að skerða lífeyrisgreiðslur með reglugerðarbreytingu,
eins og hér er deilt um, verður því hvorki talin ómálefnaleg né ranglát.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda,
en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, er
sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Guðmundssonar. Málskostn-
aður er ekki dæmdur.